

Fimmtudaginn 16. nóvember 1995.

Nr. 222/1994.

Gunnar Jóhannesson

(Guðmundur Kristjánsson hdl.)

gegn

Vélorku hf.

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Boðun þinghalds.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1994. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur ásamt meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 3. mars 1993 og málinu heimvísað til löglegrar meðferðar. Krefst hann þá málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði gert að greiða sér 991.190 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. ágúst 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun málsins verði hafnað og hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um ómerkingu á því, að af hálfu stefnda hafi ekki verið sótt þing, þegar málið átti upphaflega að koma til aðalmeðferðar fyrir héraðsdómi 25. febrúar 1993. Hafi lögsmætum forföllum ekki verið borið við, en héraðsdómari hafi boðað lögmenn aðilanna til þess þinghalds með símbréfum. Var tekin aðilaskýrsla af áfrýjanda í því þinghaldi, en málinu síðan frestað til 1. mars 1993, þegar lögð var fram skrifleg sókn af hans hálfu og málið dómtekið. Að beiðni lögmanns stefnda var málið tekið fyrir að nýju á dómþingi 3. mars 1993. Lögmaður stefnda, sem þá var viðstaddur, óskaði eftir, að málið yrði endurupptekið, þar sem honum hefði ekki borist boðun til þinghaldsins 25. febrúar. Var bókað í þinghald-

inu 3. mars, að sannað væri, að símbréfið hefði ekki verið sent í rétt símanúmer, og væru lögmennt aðila því ásáttir um, að málið yrði endurupptekið. Áfrýjandi kveður það síðar hafa komið í ljós, að símanúmer það, sem umrætt símbréf var sent í, væri á skrifstofu lögmanns stefnda, og hafi bréfið því mátt komast til skila. Krafðist áfrýjandi þess á dómþingi 23. mars 1993, að fallið yrði frá endurupptöku málsins og það yrði fært að nýju í það horf, sem það hefði verið í fyrir þinghaldið 3. sama mánaðar. Þessari kröfu mótmælti stefndi, og hafnaði héraðsdómari henni með úrskurði 31. mars 1993.

Boðun til þinghalds með símbréfi fullnægir ekki þeim áskilnaði, sem fram kemur í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að tilkynning um þinghald skuli send á sannanlegan hátt, sbr. dóm Hæstaréttar 10. nóvember 1994 í máli nr. 438/1994. Voru því ekki efni til að fara með málið eftir 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991, þótt dómþing hafi ekki verið sótt af hálfu stefnda 25. febrúar 1993. Var málinu því komið í rétt horf, þegar stefnda var að nýju gefinn kostur á að sækja þing 3. mars 1993.

Samkvæmt þessu er ekki hald í þeim röksemdum, sem áfrýjandi færir fyrir aðalkröfu sinni. Verður því ekki á kröfuna fallist.

II.

Óumdeilt er, að bátsvél sú, sem um ræðir í málinu, var framleidd árið 1988 og kom hingað til lands síðla á því ári. Hún hafi síðan staðið ónotuð í vörugeymslu á Blönduósi allt þar til í maí 1990, þegar stefndi seldi hana áfrýjanda.

Héraðsdómur var skipaður sérfróðum meðdómsmönnum. Í hinum áfrýjaða dómi var komist að þeirri niðurstöðu, að vélin hefði ekki verið orðin úrelt í framleiðslu, þegar kaup málsaðila komust á. Hún hafi jafnframt verið sams konar og þær vélar, sem voru framleiddar í sömu verksmiðju á árinu 1990. Áfrýjandi hefur ekki lagt fram matsgerð dómkvaddra manna eða önnur viðhlítandi sönnunargögn til stuðnings því, að tilhögun við geymslu vélarinnar, frá því að hún barst til landsins og þar til hún var seld honum, hafi rýrt hana að gæðum. Áfrýjandi hefur ekki heldur fært fram slík sönnunargögn fyrir staðhæfingum sínum um, að vélin hafi verið með galla, sem stefndi beri ábyrgð á.

Með þessum athugasemdum verður hinn áfrýjaði dómur staðfest-

ur með vísan til forsendna hans að öðru leyti en því, að rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir héraðsdómi. Áfrýjanda verður hins vegar gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Jóhannesson, greiði stefnda, Vélorku hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 15. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Gunnari Jóhannessyni, kt. 280658-6189, Kirkjuvegi 13, Keflavík, með stefnu, birtri 16. júlí 1991, á hendur Vélorku hf., kt. 540684-0499, Grandagarði 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda.

Þær eru, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda kaupverð bátsvélar af gerðinni Mermaid ásamt fylgi- og aukahlutum skv. dskj. nr. 4, samtals 991.190 kr., auk dráttarvaxta [...]. Þá er krafist málskostnaðar [...]. Gegn endurgreiðslu þessari komi afhending bátsvélarinnar ásamt fylgihlutum til stefnda að undanskildum 100 amp. alternator og Pyry-kabyssu.

Dómkröfur stefnda.

Þær eru, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af dæmdum málskostnaði að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 9. 5. 1990 hafi aðilar þessa máls ritað undir staðfestingu pöntunar stefnanda á Ford Mermaid-bátsvél af gerðinni Turbo Four, nr. 8812 – Ford DO557/10 b. h. p. við 2600 sn/mín., sem hafi verið afgreidd með PRM 402 gír niðurf. 1,5:1. Aðrir fylgihlutir vélarinnar skv. pöntun þessari skyldu vera varahlutasett, Jabsco-dæla 1" með segulkúplingu, alternator 24 v., 45 amp., afgasmælir, þrýstímælir fyrir gír,

úrtak á gír með þar til gerðri kúplingu og PYRY-kabyssa með blásara. Í staðfestingu þessari komi fram, að vélin yrði tilbúin til sendingar til Danmerkur 9. 5. 1990, en þar hafi hún verið sett í bát stefnanda, Halldóru Þorkelsdóttur, KE-196. Afhending og reynslusigling bátsins hafi farið fram í ágústbyrjun 1990, og þann 7. 8. 1990 hafi stefnandi greitt umsamið kaupverð vélarinnar ásamt framangreindum fylgihlutum, og hafi það numið hinni umstefndu fjárhæð.

Þegar í reynslusiglingu bátsins hafi komið fram bilun í vélinni. Skipta hafi þurft annars vegar um kúplingsdisk og hins vegar hafi nefndur, umsaminn hraði ekki náðst. Hafi úrbætur stefnda í þessu efni ekki dugað fullkomlega.

Hinn 7. 9. 1990 hafi stefnandi komist að því, að umrædd vél hafði verið framleidd árið 1988 og komið til landsins í október s. á.

Einn af fylgihlutum vélarinnar hafi verið áður nefndur PMR 402 niðurfærslugír. Hann hafi verið sérstaklega valinn með tilliti til aflúrtaks fyrir vökvadælu, sem einnig hafi verið meðal fylgihluta. Hún hafi hins vegar ekki verið til hjá stefnda, er pöntun stefnanda var gerð, og ekki verið afgreidd fyrir en eftir, að báturinn kom til Íslands, en af hálfu stefnda hafi verið lofað að senda bátasmiðnum í Danmörku allar upplýsingar og teikningar um dæluna, svo að nægjanlegt rými yrði fyrir hana. Þegar til kom, hafi þetta rými hins vegar hvergi nærri dugað. Hafi í staðinn verið sett dæla, sem drifin hafi verið með reim af skífu á framenda sveifarássins.

Þrátt fyrir það að pöntun stefnanda hafi gert ráð fyrir 24 v. rafkerfi á vélinni, hafi komið í ljós, þegar hún var komin til Danmerkur, að hún var búin 12 v. kerfi. Eftir komu bátsins til Íslands hafi rafkerfinu verið breytt fyrir 24 v. og þá settur á vélina 24 v. „startari“. Þar sem hann sé stærri en sá, sem fyrir var, hafi orðið að breyta smurolíuröri til forþjöppu vélarinnar. Þetta rör hafi síðan brotnað í tvígang með þeim afleiðingum, að vélin dældi út af sér smurolíunni. Eftir seinna skiptið hafi borið á lëkkandi smurolíuþrýstingi á vélinni eða úr rúmum 4 kg/cm^2 í tæp 3 kg/cm^2 .

Hinn 19. 4. 1991 hafi forþjappa vélarinnar bilað. Sé líklegt, að það hafi verið vegna fyrrgreinds smurolíumissis hennar. Nokkru síðar hafi allur reimdrifbúnaðurinn losnað framan af vélinni með þeim afleiðingum, að sveifarás sé talinn ónýtur. Áætlaður viðgerðarkostnaður hafi verið u. þ. b. 150.000 kr.

Stefnandi hafi ávallt látið starfsmenn stefnda vita af framangreindum tilvikum, jafnskjótt og þau komu upp. Síðasta tilvikið hafi þó verið dropinn, sem fyllti mælinn, og 13. 6. 1991 hafi stefnandi sent stefnda símskeyti, þar sem hann tilkynnti riftun vélarkaupanna og krafðist endurgreiðslu kaupverðs gegn afhendingu hins selda.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi beitt sig svikum við sölu vélarinnar. Vélin hafi alls ekki verið ný, heldur komið til landsins í október 1988, og hafi hún því engan veginn verið í samræmi við hugmyndir stefnanda að þessu leyti. Þá hafi vélin haft aðra mikla galla, svo sem lýst hafi verið. Þessir gallar, hver fyrir sig og þá ekki síður allir saman, verði að skoðast verulegir. Hér eigi því beinlínis við 1.–2. mgr. 43. gr. I. nr. 39/1922.

Um málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til XII. kafla I. nr. 85/1936, einkum 175. og 177. gr., svo og til 21. gr. I. nr. 54/1988 og III. kafla vaxtalaga. Krafa um virðisaukaskatt er reist á I. nr. 50/1988, en stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur.

Málavaxtalýsing stefnda og málsástæður.

Stefndi kveður stefnanda hafa komið til stefnda seinni hluta apríl og falast eftir vél til kaups á 5 rúmlesta fiskibát úr plasti, sem hann hafði þá fest kaup á í Danmörku. Stefnandi hafi þurft að fá vél þessa afgreidda sem allra fyrst, svo að hann gæti komið henni til bátasmiðsins í Danmörku, sem átt hafi að annast niðursetningu vélarinnar. Stefnanda hafi verið tjáð, að fjögurra vikna afgreiðslufrestur væri á vél þeirri, sem hentaði honum, en jafnframt hafi honum verið bent á, að í vörugæmslu Eimskips á Blönduósi lægi sams konar vél, sem staðið hefði til, að færi í bát, er Trefjaplast hf. á Blönduósi væri að smíða, en fyrirséð væri þá, að þeir gætu ekki leyst út. Honum hafi enn fremur verið gerð grein fyrir því, að vélin hefði komið til landsins skömmu fyrir áramót 1988/1989 og unnt væri að fá hana á verði skv. verðlista ársins 1988, sbr. dskj. nr. 26. Hafi stefnanda verið á það bent, að miðað við verðlista 1990 á sömu vél gæti þetta munað í verði nálægt 14%, þegar flutningskostnaður til Íslands og váttryggingar hefðu verið greiddar, sbr. dskj. nr. 28.

Eftir að stefnandi hafði ráðfært sig við kunnuga um þetta, hafi hann ákveðið að taka þessa vél, sem lá á Blönduósi. Hafi verið um það samkomulag, að hann myndi staðfesta pöntunina formlega, eftir að vélin væri komin til Reykjavíkur og honum og trúnaðarmönnum á hans vegum gefist kostur á að skoða hana þar.

Allt hafi þetta gengið eftir. Greitt hafi verið flutningsgjald til Eimskips fyrir vélina og starfsmaður stefnda tekið við henni 3. 5. 1990, sbr. dskj. nr. 25. Stefnandi hafi skoðað vélina í framhaldi af því, og hafi hann sannfærst um, að hér væri um nýja og ónotaða vél að ræða. Stefnandi hafi staðfest pöntun sína á vélinni 9. 5. 1990, sbr. dskj. nr. 3, og hafi hún ásamt þargreindum fylgihlutum verið send áleiðis til Danmerkur sama dag.

Dómskjal nr. 3, sbr. dskj. nr. 4, sé tæmandi upptalning á þeim lausafjármunum, sem stefnandi festi kaup á hjá stefnda. Hér hafi verið um að ræða „strípaða“ bátavél af gerðinni Mermaid Turbo Four, sem bar framleiðslunúmerið 812-Ford D=557/10, ásamt gír af gerðinni PRM 402 með niðurfærslunni 1,5:1 og enn fremur nánar tilgreindir aukahlutir, sem allir hafi verið afgreiddir af lager. Stefnandi hafi sjálfur séð um útvegum á skrúfubúnaði.

Enginn ágreiningur sé um það, að fyrrlýstur vélbúnaður barst í hendur hinum danska skipasmið, sem sá um niðursetningu vélarinnar. Væntanlega sé heldur enginn ágreiningur um það, að af hálfu stefnda hafi verið veittar allar upplýsingar, sem leitað var eftir, hvort sem átti í hlut stefnandi sjálfur eða hinn danski bátasmiður, sbr. dskj. nr. 13 og 17–20.

Báturinn hafi komið til landsins um miðjan ágúst 1990, og hafði þá vélbúnaður ásamt skrúfubúnaði verið settur niður. Báturinn hafi ekki verið settur á flot eða vél reynslukeyrð, áður en hann kom hingað til landsins. Áður en vélin var gangsett og reynslukeyrð hér, hefðu starfsmenn stefnda skipt um alternator og startara, en stefnandi talið sig hafa haft loforð fyrir því frá starfsmönnum stefnda, að skipt yrði um spennu, þ. e. settur upp 24 volta alternator og startari við vélina, þegar báturinn kæmi til landsins. Þótt ekki væri þetta ákveðið, hefði verið orðið við tilmælum stefnanda og þessu skipt út stefnanda að kostnaðarlausu. Jafnframt hefði verið skipt út svokallaðri drifplötu við vélina. Að þessu loknu hefði vélin 25. ágúst verið gangsett og reynd. Hafi allt virst með felldu, nema hvað menn hafi fengið grun um, að skrúfa bátsins væri of þung, þar sem vélin náði ekki upp fullum snúningshraða.

Ábyrgðartími vélarinnar sé 18 mánuðir frá afhendingu hennar, sbr. dskj. nr. 18. Það sé brýnt fyrir kaupanda eða notanda vélarinnar að láta strax vita, verði vart við bilanir á vél á ábyrgðartímanum.

Ekki hafi verið liðinn mánuður, þegar stefndi fór að kvarta um, að vél og bátur hristust óeðlilega mikið og vélin næði ekki upp snúningshraða. Hinn 22. september hafi verið farið um borð í bátinn og þá komið í ljós, að vélin var laus á öllum púðum. Hafi vélin verið stillt af og hert niður að nýju. Stefnanda hafi verið bent á, að ástæðan til, að vélin næði ekki upp fullum snúningshraða, væri sú, að settur hefði verið við vélina of þungur skrúfubúnaður, og enn fremur hefði þá komið í ljós, að púströr frá vél var of þröngt og hindraði útblástur. Stefnandi hafi lítt eða ekki hirt um ábendingar starfsmanna stefnda til úrbóta, en þess í stað gert sífelldar kröfur um, að stefndi lagfærði eitt og annað í krafti ábyrgðar sinnar á vélinni.

Stefnanda hafi verið gerð grein fyrir því, að öll vandræði hans með vélina

mætti rekja til mistaka við niðursetningu hennar og vals á skráfubúnaði við vélina. Á afleiðingum þeirra mistaka bæri stefndi eða vélarframleiðandi enga ábyrgð.

Stefnandi hafi keyrt vélina í allt að 10 mánuði á yfirálagi með ýmsum skaðvænlegum áhrifum, m. a. fyrir forþjöppu vélarinnar. Vísast um það til dskj. nr. 12.

Með skeyti í júní 1991, sbr. dskj. nr. 8, hafi stefnandi lýst yfir riftun á kaupum og krafist endurgreiðslu kaupverðs. Hafi þá verið liðið rúmt ár, frá því að hann fékk vélina afhenta, og af þeim tíma hafi báturinn og þar með vélin verið í notkun í allt að 10 mánuði, allan tímann með yfirálagi að mati stefnda. Með bréfi, dags. 21. júní 1991, hafi riftunaryfirlýsingu þessari verið mótmælt sem tilefnislausri.

Sýknukröfu sína styður stefndi eftirfarandi rökum:

1. Stefndi hafi í hvívetna staðið við samningsskyldur sínar um afhendingu á hinu selda í umsömdu ástandi á tilsettum tíma. Hið selda hafi verið afhent, eftir að stefnanda hafði gefist kostur á að skoða vélina og fylgihlutina og hann sætt sig við ástand alls hins selda. Ósannað sé með öllu, að hinu selda hafi verið áfátt við afhendingu, og því síður, að gallar í skilningi 42. gr. kaupalaga hafi komið fram í vélbúnaði síðar. Þá er sérstaklega mótmælt þeirri málsástæðu stefnanda, að stefndi hafi beitt stefnanda svikum í þessum viðskiptum. Því er haldið fram, að samkvæmt viðskiptavenju á þessu sviði og skráningarreglum Siglingamálastofnunar, sbr. dskj. nr. 23, sé vélin talin ný, þegar hún hafi ekki verið notuð og sett þannig niður í skip. Þessi skilningur sé við það miðaður, svo sem hér hafi verið raunin á, að um sams konar og óbreytta vél sé að ræða frá samsetningarári fram til niðursetningarárs. Geymsla á slíkum vélum um langan tíma, e. t. v. árábil, geti að sjálfsgöðu leitt til skemmda á vél, ef aðstæður eru slæmar. Því sé ekki til að dreifa í þessu tilviki, enda engu slíku haldið fram, heldur einungis því, að hin ætluðu svik hafi verið í því fólgin, að honum hafi verið seld gömul vél fyrir nýja. Þessu hafi stefndi harðlega neitað. Ákvörðunarástæða stefnanda fyrir því að kaupa þessa vél, en ekki vél saman setta árið 1990, hafi verið sú, að stefnandi taldi of langt að bíða afgreiðslu hennar, auk þess sem mun að hafi 14% í verði vélarinnar.

2. Enn fremur styður stefndi sýknukröfu sína því, að öll vandræði stefnanda við vélbúnaðinn megi rekja til vankunnáttu og mistaka af hálfu hins danska bátasmiðs eða manna á hans vegum við val á skráfubúnaði í bátinn og niðursetningu vélbúnaðarins í hann. Fyrir þau mistök verði stefndi ekki sóttur til ábyrgðar, sbr. m. a. dskj. nr. 16 og 21. Að auki hafi stefnandi sjálfur átt verulegan þátt í því, hvernig þetta allt saman gekk til, með þjösna-

legri notkun á vélinni, eftir að honum hafði verið bent á af starfsmönnum stefnda, að beiting vélarinnar með þessum skráfubúnaði hefði í för með sér yfirálag á vél með ýmsum afleiðingum, m. a. sótsöfnun í forþjöppu með tilheyrandi afleiðingum, sem allt hafi gengið eftir, sbr. dskj. nr. 12.

III.

Gangur málsins.

Rétt þykir að rekja nokkuð gang málsins. Það var þingfest 3. september 1991. Stefndi skilaði greinargerð 1. október s. á., og fékk undirritaður dómari málið til meðferðar 1. nóvember s. á. Var það tekið fyrir einu sinni og frestað til aðalflutnings um óákveðinn tíma vegna mikilla embættisanna dómarans. Þegar aðalflutningur skyldi fara fram 25. febrúar 1993, féll niður þingsókn af hálfu stefnda. Var þá tekin aðilaskýrsla af stefnanda, og lögmaður stefnda fékk frest til að skila sókn, sem hann lagði fram í þinghaldi 1. mars s. á. Var málið síðan dómtekið. Að ósk lögmanns stefnda var málið endurupptekið, áður en dómur varð upp kveðinn, og samþykkti lögmaður stefnanda, að stefndi fengi fram haldið vörnum í málinu, enda þótti liggja fyrir lögfull sönnun þess efnis, að símbréf til boðunar aðalflutnings hefði verið sent í rangt fax-númer. Var málinu frestað að nýju til aðalflutnings til 23. mars 1993. Þegar aðalflutningur skyldi fram fara, krafðist lögmaður stefnanda úrskurðar um það, að aðalflutningur færi ekki fram þann dag og málið yrði fært í það horf, sem það var í 1. mars 1993, þar sem hann taldi nú ljóst, að fyrri boðun með símbréfi hefði verið rétt og stefndi hefði þar með frá þeim tíma glatað rétti til að halda fram vörnum í málinu. Með úrskurði, upp kveðnum 31. mars 1993, var fyrri kröfulið stefnanda vísað frá dómi, en síðari kröfulið hafnað. Lögmaður stefnanda fékk því næst að ósk stuttan frest í málinu til að kanna, hvort úrskurðurinn væri kæránlegur. Málið var síðan tekið fyrir 13. apríl 1993 og frestað til aðalflutnings um óákveðinn tíma. Aðalflutningur fór því næst fram 10. nóvember sl. Með úrskurði, upp kveðnum 3. desember 1993, var málinu vísað frá dómi ex officio. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 14. janúar sl., var frávisunardómurinn felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því annars vegar, að hann hafi verið beittur svikum við kaup á vélinni, og hins vegar, að vélin hafi verið störgölluð.

Ekki er um það ágreiningur, að framleiðsluár vélarinnar var 1988. Ekki er heldur um það deilt, að vélin var ónotuð, þegar hún var keypt.

Það er jafnframt álit dómsins, að vélin hafi verið ný í þeim skilningi, að

hún var hvorki notuð né úrelt í framleiðslu, en þeirri staðhæfingu stefnda hefur ekki verið hnekkkt, að vélin hafi verið sams konar vél og þær vélar, sem framleiddar voru árið 1990. Hefur stefnandi ekki sannað, að það hafi verið ákvörðunarástæða hjá honum, þegar hann keypti vélina, að hún kæmi frá framleiðslu ársins 1990. Þá er ósannað gegn andmælum stefnda, að stefndi hafi beitt stefnanda svikum, hvað framleiðsluár vélarinnar varðar, en m. a. má líta til þess í því sambandi, að stefndi seldi vélina á verði ársins 1988.

Þá ber og að líta til þess, að stefnandi gerði ekki reka að því að rifta kaupunum fyrr en liðlega níu mánuðum eftir, að hann kveður sér hafa orðið ljóst, hvert framleiðsluár vélarinnar var. Þá skýrði stefnandi svo frá fyrir dómi, að hann hefði sætt sig við framleiðsluár vélarinnar, ef hún hefði verið í lagi.

Stefnandi kveður stefnda bera ábyrgð á eftirfarandi atriðum:

1. Skipta þurfti um kúplingsdisk.
2. Umsaminn snúningshraði náðist ekki.
3. Stefndi sendi hinum danska skipasmið rangar upplýsingar um rými fyrir vökvadælu.
4. Vélín var pöntuð með 24 volta rafkerfi, en reyndist með 12 volta. Vegna breytinga úr 12 v. í 24 v. rafkerfi hafi þurft 24 v. startara. Til þess að koma honum fyrir hafi þurft að breyta smurolíuröri í forþjöppu vélarinnar. Það rör hafi brotnað í tvígang, og hafi borið á lækkanði smurolíuþrýstingi eftir síðara skiptið.
5. Forþjappa vélarinnar bilaði, líklega vegna smurolíumissis.
6. Reimdrifbúnaður losnaði framan af vélinni með þeim afleiðingum, að sveifarás er talinn ónýtur.

Um lið 1. Ósannað er gegn andmælum stefnda, að skipt hafi verið um kúplingsdisk, en í aðilaskýrslu stefnda á dskj. nr. 12 er því haldið fram, að kúplingsdiskurinn sé enn á sínum stað, en hins vegar hafi verið skipt um drifplötu. Hafi það verið gert stefnanda að kostnaðarlausu. Í reynslusiglingu hafi verið allt í lagi með þá plötu.

Um lið 2. Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn, s. s. matsgerð dómkvaddra matsmanna eða aðrar marktækar sérfræðilegar skoðanir á vélbúnaðinum, sem styðji það eða geri það sennilegt, að vélbúnaður sá, sem stefndi seldi stefnanda, hafi haft einhverja þá galla eða annmarka, sem leiddu til þess, að fullur snúningshraði náðist ekki. Enn fremur kemur fram á dskj. nr. 16, að vélín fullnægði snúningshraða við prófun í verksmiðju.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að ástæðan til þess, að fullur snúningshraði hafi ekki fengist, væri sú, að settur hefði verið of þungur

skrúfubúnaður við vélina. Er ágreiningslaust, að stefnandi sá sjálfur um kaup á þeim búnaði, og er ósannað, að stefndi beri ábyrgð á honum.

Um lið 3. Gegn andmælum stefnda er ósannað, að um sé að kenna röngum upplýsingum frá stefnda til hins danska skipasmiðs, að of lítið rými var ætlað fyrir vökvadæluna.

Um lið 4. Pöntunarstaðfesting stefnda eða önnur gögn málsins bera ekki með sér, að keypt hafi verið 24 volta rafkerfi á vélina. Sá 24 volta alternator, sem keyptur var skv. dskj. nr. 4, er aukaútbúnaður fyrir handfæra-rúllur og getur verið óháður sjálfu rafkerfi vélarinnar. Þá liggur ekki annað fyrir en stefnandi hafi skoðað vélina, áður en hann gekk að kaupunum, og mátti gera sér ljóst, að rafkerfi hennar var 12 volt. Verður stefndi því ekki gerður ábyrgur fyrir afleiðingum þeirra breytinga, sem gera þurfti til þess að breyta rafkerfinu í 24 volt. Þá er ósannað, að smurolíurörið, sem sett var á vegna breytinganna, hafi brotnað vegna handvammur eða ófullnægjandi frágangs af hálfu stefnda.

Um lið 5. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja ólíklegt, að bilun í túrbínu stafi af falli smurolíuþrýstings frá 4 kg/cm^2 í 3 kg/cm^2 , þar sem 3 kg/cm^2 smurolíuþrýstingur gefi fullnægjandi smurningsflæði fyrir legur og aðra slitfleti vélanna. Þá hefur því og verið hafnað, sbr. lið 4, að stefnda verði um kennt, að smurolíurör brotnaði og þrýstingur féll.

Um lið 6. Fyrir liggur, að hinn danski bátasmiður setti úrtaksöxulinn á vélina. Gögn málsins bera með sér, að öxullinn hafi verið settur á reimskífu, sem átti ekki við þá gerð af úrtaksöxli, sem settur var á vélina. Ekki er á það fallist gegn andmælum stefnda, að stefndi verði bótaskyldur af þeim sökum, þar sem það hefði ekki átt að dyljast bátasmiðnum, sem ábyrgð bar á niðursetningu vélarinnar.

Samkvæmt framansögðu telst ósannað, að þau atriði, sem tiltekin eru í stefnu sem bilun eða galli á vélarbúnaði þeim, er stefndi seldi stefnanda, verði rakin til atriða, sem stefndi ber ábyrgð á. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda 170.000 kr. í málskostnað.

Dóminn kváðu upp Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari, Lárus Björnsson vélfræðingur og Ragnar Bjarnason vélfræðingur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vélorka hf., Grandagarði 3, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars Jóhannessonar, Kirkjuvegi 13, Keflavík.

Stefnandi, Gunnar Jóhannesson, greiði stefnda, Vélorku hf.,
170.000 kr. í málskostnað.
